

Umsögn Samtakanna '78 um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2022

Samtökin '78 hafa vaxið mikið undanfarið. Þjónustubættir Samtakanna '78 hafa frá árinu 2016 vaxið um rúm 500%. Með öðrum orðum þá hefur þjónusta Samtakanna '78 fimmfaldast á jafn mörgum árum. Við teljum að aukin fjárframlög til Samtakanna '78 frá árinu 2017 og þar með tækifæri til þess þróa starfsemina hafi leitt í ljós mikla uppsafnaða þörf á faglegri þjónustu í málefnum hinsegin fólks á Íslandi.

Samtökin '78 hafa samhliða vextinum lagt allt kapp í að sinna öllum verkefnum af ábyrgð og fagmennsku. Fólk treystir Samtökunum '78 og fær þar þjónustu sem er einstæð á landsvísu. Ásamt því að erindum hefur fjölgað mikið, þriggja mánaða bið er í fræðslu hjá Samtökunum '78 og ásókn í ráðgjöfina eykst þá fáum við nú oftár á borð til okkar þyngri og erfiðari mál en áður. Þetta kallar enn frekar á sértækari þekkingu, fjölbreyttari þjónustu og vitaskuld aukin fjárútlát.

Samtökin '78 hafa síðustu tvö ár náð endum saman með því að treysta á lán frá viðskiptabanka sínum og einnig á fjárlaganefnd Alþingis. Án þeirra fjármuna sem okkur hafa verið veittir á síðustu tveimur árum í gegnum fjárlög væri starfsemi Samtakanna '78 ekki svipur hjá sjón. Við hefðum engan veginn náð að halda í við eftirspurnina eftir þjónustu okkar, heldur þurft að skera gróflega niður. Til þess hefur sem betur fer ekki komið og við höfum náð að stækka í samræmi við aukinn málafjölda. Fyrir það erum við afar þakklát, en teljum einnig að það sé kominn tími á að okkar samfélagslega mikilvægu starfsemi verði lyft úr þeirri fjárhagslegu óvissu sem rekstur Samtakanna '78 hefur verið í.

Hér að neðan verður stuttlega gerð grein fyrir þjónustubáttum Samtakanna '78.

Ráðgjöf, stuðningshópar og aðstoð til samfélagsins

Samtökin '78 eru stolt af því að halda úti faglegri ráðgjöf til allra einstaklinga. Ráðgjöfin okkar er fjölbreytt en til okkar kemur fólk sem er mögulega að „koma út úr skápnum“, hinsegin fólk sem vantar að tala um sinn hinseginleika, fólk sem leitar að alþjóðlegri vernd og vantar traust og samastað, aðstandendur hinsegin fólks, börn og ungmenni eða fagfólk sem vinnur með eða fyrir hinsegin fólk. Árið 2015 voru ráðgjafatímarnir 145 talsins en í fyrra voru þeir orðnir 1115 talsins. Mesta aukningin var á milli árána 2018-2019 eða um 75%, og á árinu 2021 mun aukningin líklega vera um 10-15%. Bið eftir ráðgjöf er aðeins um ein til tvær vikur. Ásamt einstaklingsráðgjöfinni þá höfum við náð að halda stuðningshópunum okkar gangandi þrátt fyrir COVID-19 og aldrei hafa fleiri komið og tekið þátt í þeim. Vitaskuld fer ráðgjöfin einnig fram í síma eða tölvupósti og er það þá starfsfólk skrifstofunnar sem reynir eftir fremsta megni að koma fólki til aðstoðar. Skrifstofan fær vel yfir 200 erindi til sín á viku og hefur hingað til náð að svara þeim öllum eða koma þeim í feril innan Samtakanna '78.

Fræðsla og stuðningur

Vegna COVID-19 þá hefur fræðsluerindum okkar fækkað örlítið en beiðnum um viðtal við fræðslustýru fjölgað gríðarlega. Þetta helst í hendur, þ.e. þegar fræðari kemst ekki á staðinn (vegna COVID-19) þá koma gjarnan upp

ákveðin mál sem þarf að leysa. Fræðslustýra Samtakanna '78 hefur tekið öll þau mál og oft unnið þau ásamt ráðgjafa. Við finnum fyrir ákveðinni vitundarvakningu þegar kemur að fræðslustarfinu okkar, fleiri leita til okkar og á síðustu misserum hefur orðið algengara að fyrirtæki, íþróttafélög og önnur félagasamtök sækist eftir fræðslu. Þar sem Samtökin '78 eru aðeins með fjármagn til að manna eitt stöðugildi í fræðslunni þá var nauðsynlegt að fara í ákveðnar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi hennar. Brugðið var á það ráð að fá inn verktaka sem gátu tekið að sér fræðsluerindi og á síðustu mánuðum hafa þrír fræðarar verið ráðnir í verktakavinnu. Þetta leysir ákveðið vandamál þar sem fræðslustýra þurfti áður að sinna öllum erindum, öllum fræðslum og allri þróunarvinnu sem viðkemur fræðslunni. Þetta nýja fyrirkomulag hefði þó aldrei gengið upp nema fyrir það að Samtökin '78 voru á fjárlögum fyrir árið 2021.

Ungmennastarf

Samtökin '78 hafa átt í góðu samstarfi við Frístundamiðstöðina Tjörnina undanfarin ár varðandi rekstur Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar fyrir ungmenni á aldrinum 13-17 ára. Á árinu 2021 var nauðsynlegt að skipta hópnum í tvennt og framvegis munu yngri börnin, 13-15 ára, hittast í Spennistöðinni og þau sem eru 16-17 hittast í höfuðstöðvum Samtakanna '78. Þetta var nauðsynlegt vegna þess að hópurinn var orðinn svo stór, en um 130 krakkar heimsækja félagsmiðstöðina í hverri viku. Einnig hafa Samtökin '78 boðið upp á reglulega viðburði fyrir 18-25 ára einstaklinga, og 10-12 ára starf er einnig í þróun. Rannsóknir hafa sýnt að andleg líðan hinsegin barna er mun lakari en annarra. Því þarf að sinna hópnum af mikilli alúð og fagmennsku. Það höfum við gert og munum gera áfram.


Lokaorð

Félagasamtök eins og Samtökin '78 eru ekki einungis nauðsynleg þeim hópi sem leitar til okkar heldur er starf okkar nauðsynlegt fyrir samfélagið allt. Við berum öll ábyrgð á því að vinna að opnu og fordómalausum samfélagi þar sem öll geta verið eins og þau eru. Róðurinn hefur þyngst á síðustu árum, bæði vegna óvissu í rekstri Samtakanna '78 samhliða aukinni ásókn, en við finnum einnig fyrir auknu hatri og ofbeldi gegn hinsegin fólki. Það er því samfélaginu öllu til heilla að Samtökin '78 standi sterk og séu tilbúin í aðkallandi verkefni.

Undirrituð vilja enda á sömu kröfu og gerð var 4. október 2019 um að Samtökin '78 verði á fjárlögum og að framlögin verði á milli 45-55 milljónir. Með því gætu Samtökin '78 loks sinnt sinni þjónustu af fullum krafti, rekstraróvissu yrði eytt og við gætum loks borið okkur saman við Norðurlandapjóðir. Þess ber að geta að ekki er gert ráð fyrir einni krónu í málefni hinsegin fólks í fjárlagafrumvarpi eins og staðan er í dag. Úr því þarf að bæta.

Við óskum hæstvirkri fjárlaganefnd góðs gengis og líkt og áður eru Samtökin '78 tilbúin til að koma fyrir nefndina og útskýra mál sitt betur.

Virðingarfyllst,


Daniel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri


Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður